

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Litli-Háls, L170823.

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Litla-Háls, L170823. Skipulagssvæðið stækkar úr 16 ha í 17 ha eða um 1 ha samtals. Byggingarreitur merktur 4 færast austar og stækkar einnig til suðurs úr 1.350 m² í 3.200 m². Skilmálar fyrir reitinn breytast og þar er gert ráð fyrir útihúsi (skemmu) sem má vera allt að 750 m² í stað 150 m² fjárhúss í gildandi skipulagi. Mænishæð útihúss skal ekki vera meiri en 8 m frá botnplötu og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður. Samþykkt í sveitarstjórn 5. febrúar 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. febrúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2020